

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir spildu úr landi Eystra-Geldingaholts.

Deiliskipulagið er um 6 ha svæði þar sem afmarkaðar eru tvær lóðir. Lóð 1 er 6.921 m² að stærð og fyrir á lóðinni er 77,9 m² frístundahús og 10 m² geymsla. Á lóðinni er heimilt að reisa 128,5 m² frístundavinnustofu. Lóð 2 er 2.500 m² þar sem gert er ráð fyrir allt að 75 m² frístundahúsi.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. ágúst 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. september 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2012